

**Mál nr. 154/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A.**

**Umferðaróhapp er bifreið var ekið á hross á Djúpvegi þann 17.8.1998.**

**Gögn.**

5. Málskot móttakið 22.6.1999.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 602/1999.
7. Tvær lögregluskýrslur.
8. Bréf málskotsaðila, dags. 21.3.1999.
9. Bréf X, dags. 22.7.1999.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Djúpveg. Á móts við bæinn K í Hrútafirði um kl. 23:30 að kvöldi var henni ekið á hross í eigu M. Hrossið mun hafa drepist samstundis.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. og aðalljós hafi logað með háum ljósgeisla. Ekki hafi verið algjört myrkur og því hafi virkni ljósanna ekki verið sem best. Skyndilega hafi hann orðið var við hesta á vegöxlinni vinstra megin. Hafi einn þeirra farið út á veginn í veg fyrir A. Hann hafi ekki haft tækifæri til að stöðva bifreiðina eða víkja undan, en bundið slitlag á veginum sé einungis einbreitt. Enginn hestanna eða reiðmanna hafi verið með endurskinsmerki.

M kvaðst hafa rekið hrossin ásamt tveimur dætrum sínum. Þau hafi öll verið ríðandi og rekið fjögur laus hross á undan sér eftir vegöxlinni vinstra megin við veginn, þar sem aðstæður hafi verið erfiðar vegna einbreiðs slitlags á veginum og skurða fyrir utan veg. Hann hafi ekki verið með endurskinsmerki, þar sem ekki hafi verið farið að bregða birtu það mikið og ekki hafi verið kominn árstími til að nota þau. Skyndilega hafi A komið á mikilli ferð og ökumaður hennar hafi ekki dregið úr hraða. Í þann mund er A var komin að reiðfólkinu hafi fremsta hrossið stigið til hliðar inn á akbrautina í veg fyrir A.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi A hlutlæga ábyrgð á tjóni því sem hlaust í umrætt sinn. Bæturnar má þó lækka eða fella niður, ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu gr. Tjónið varð seint um kvöld og myrkur skolið á. Var sagnæmt af hálfu M að hafa ekki endurskinsmerki á reiðfólkinu og hrossunum. Þá gætti hann þess ekki að gæslumaður færi fyrir rekstrinum eins og ætíð skal gert þegar búfé er rekið eftir vegi, þar sem vænta má umferðar, sbr. 2. mgr. 78. gr. ufl. Á M sök á óhappinu. Þegar til þessa er litið og þess að ökumaður A varð ekki var við hrossin fyrir en í óefni var komið og hafði vart dregið úr hraða er tjónið varð, þykir rétt að lækka bætur til M um 2/3 hluta þannig að hann fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist að 1/3 hluta.

Reykjavík, 4. ágúst 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.